



Fundargerð

Fundur í skipulags-, - hafnar- og húsnæðisnefnd,
fimmtudaginn 20.02.20 kl. 9:00.
Fundarstaður: Skrifstofur Reykhólahrepps, Mariútröð 5a.

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Ingimar Ingimarsson og Eiríkur Kristjánsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Þórður Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Örn Ásmundsson byggingarfulltrúi og Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri voru veðurtepptir. Eiríkur Kjartansson umsjónarmaður fasteigna mætti til fundarins undir liðum 5 og 8.

Jóhanna Ösp setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár. Samþykkt að taka á dagskrá undir önnur mál: Undirbúningur framkvæmda ársins, og erindi frá Össusetrinu.

1. Framkvæmdaleyfi v/ Vestfjarðavegar (60):

Lögð er fram umsókn Vegagerðarinnar, dags. 16.12.2019, um framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðaveg (60) á milli Bjarkalundar og Skálaness, svokölluð leið Þ-H. Með umsókn fylgja hönnunargögn og aðrar upplýsingar í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi. Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi, byggingu nýs Djúpadalsvegar í austanverðum Djúpafirði og endurbyggingu Gufudalsvegar í vestanverðum Gufufirði, ásamt efnistöku fyrir framkvæmdirnar.

Lagðar eru fram umsagnir Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhverfis- og náttúruverndarnefndar Reykhólahrepps um framkvæmdaleyfisumsókn. Brugðist hefur verið við umsögnum með tillögum að frekari skilmálum fyrir framkvæmdum.

Lögð er fram greinargerð um framkvæmdaleyfi, dags. febrúar 2020, ásamt tillögum að skilmálum fyrir framkvæmdum.

Framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Reykhólahrepps m.s.br. og gögn uppfylla þær kvaðir sem koma fram í reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsókn Vegagerðarinnar um leyfi fyrir Vestfjarðavegi skv. leið Þ-H. . Umsóknin byggir á fyrirbyggjandi gögnum og skilmálum sem settir eru fyrir framkvæmdinni.

Visað til afgreiðslu sveitarstjórnar með tveimur atkvæðum. II sat hjá.

2. Vindorkuver - Garpsdal:

Visað til sveitartjórnar.

3. Lóð Skálmarnesmúla:

Tekin fyrir beiðni um stofnun lóðar á Skálmarnesmúla, Hádegisklettur, skv. meðfylgjandi lóðarupprætti.

Nenfdin samþykkir erindið fyrir sitt leyti og vísar því til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

4. Kostnaðarframlag v/skipulags:

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar varðandi kostnaðarhlutdeild hennar í kostnaði við gerð aðalskipulags.

5. Sala leiguhúsnæðis:

Eiríkur umsjónarmaður fasteigna mætti til fundarins undir þessum lið. Hann gerði grein fyrir úttekt á húsnæði Hellisbraut 38. Önnur íbúðin þarfnast töluverðrar viðgerðar og er ekki í söluhæfu ástandi. Samþykkt að segja upp leigusamningi og undirbúa lagfæringu á henni til að koma henni í söluhæft ástand.

6. Búnaður fyrir hafnir:

Rætt um mengunarvarnabúnað við höfnina. Sveitarstjóra falið kanna stöðuna hjá höfninni í þeim efnum og hvaða úrbætur kunna að vera nauðsynlegar.

7. Norðursalt - varadæling:

Beiðni um að fá að leggja lög um Norðurgarð út að flotbryggju vegna varadælingar.

Samþykkt að verða við erindinu.

8. Önnur mál:

- a) Undirbúningur framkvæmda. Eiríkur umsjónarmaður fasteigna fór yfir undirbúning framkvæmda ársins.
- b) Tekið fyrir erindi Össusetursins vegna lagfæringar á vegi að Gilsfjarðarbrekku. Nefndin tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra að skoða með styrkvegarfé til framkvæmdarinnar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50
